

Fjórðungssamband Vestfirðinga

Alþingi

Erindi nr. P 132/1916

komudagur 28. 4. 2006

Allsherjarnefnd Alþingis

Umsögn um frumvarp til breytingar á lögum um Vísinda og tækniráð nr 2/2003. (lagt fyrir Alþingi 132. löggjafarþing)

Allsherjarnefnd hefur ekki sent Fjórðungssambandi Vestfirðinga beiðni um umsögn um framangreint frumvarp. Fjórðungssamband Vestfirðinga telur sér skylt að koma að þessu frumvarpi með umsögn, þar sem það tengist einnig frumvarpi til laga um opinberan stuðning við tæknirannsóknir, nýsköpun og atvinnuþróun (þingskj. 1067-731 mál). Í því frumvarpi stefnir Iðnaðarráðuneytið að sameina stofnanir sem heyra undir ráðuneytið er starfa að tækni, nýsköpun og atvinnuþróun (hér eftir kallað Nýsköpunarmiðstöð).. Fjórðungssamband Vestfirðinga og Atvinnuþróunarfélag Vestfjarða hafa í umsögn sinni gert athugasemdir við þá breytingu og liggur hún fyrir Iðnaðarnefnd.

Fjórðungssamband Vestfirðinga getur fyrir sitt leiti tekið undir að gerðar séu breytingar hvernig staðið skal að stefnumótun í vísindum, tækni og nýsköpun/atvinnuþróun. Fjórðungssambandið vill benda á að í frumvarpi um Nýsköpunarmiðstöð ber henni að taka mið af stefnu í Vísinda- og nýsköpunarráðs, en engin sérstök stjórn er yfir Nýsköpunarmiðstöð. Því er það skilningur Fjórðungssambands Vestfirðinga að vísinda og nýsköpunarráð hafi þar með stefnumarkandi áhrif á starfsemi Nýsköpunarmiðstöðvar. Eitt af hlutverkum hennar er að koma að nýsköpun og atvinnuþróun í einstaka héruðum. Þar fyrir eru 8 atvinnuþróunarfélög sem eru samtvinnuð eða í samstarfi við landshlutasamtök sveitarfélaga, með um 20 sérfræðinga á ýmsum sviðum atvinnuþróunar. Auk þess hafa á síðustu árum hafa verið sett á laggirnar mennta og rannsóknamiðstöðvar sem eiga það markmið efla þessa þætti innan héraðs í samstarfi við innlendar og erlendar stofnanir.

Félögin og starfsemi í menntun og rannsóknum, eru því þungmiðja þessara svæða í stefnumótun í nýsköpun, atvinnu og byggðamálum. Því er það mat Fjórðungssambandsins að þessi hluti kerfisins sé afskiptur í skipan vísinda og nýsköpunarráðs, ekki er nægjanlegt að þar komi inn fulltrúar nýsköpunar og sprotafyrirtækja heldur verði einnig skipaðir fulltrúum framangreindra aðila. Áréttað er hér verið að setja undir eitt stefnumörkun fyrir þjóðrikið Ísland í vísinda, tækni og atvinnustefnu og sértæk viðfangsefni í búsetuþróun í byggðalögum utan höfuðborgarsvæðis. Fari frumvarpið óbreytt í gegn telur Fjórðungssamband Vestfirðinga hættu á að stefnumörkun í Vísinda og nýsköpunarráði, taki ekki nægjanlegt tilliti til þeirra þátta sem nauðsynlegt að hafa í huga við eflingu atvinnulífs, mennta og rannsókna í landinu öllu.

Fjórðungssamband Vestfirðinga



Að lokum, Fjórðungssamband Vestfirðinga segir í umsögn sinni um frumvarp um Nýsköpunarmiðstöð.

Vara beri við að horft sé á þessa breytingu sem allsherjarlausn í þróun atvinnulífs utan höfuðborgarsvæðis nema að aukið fjármagn komi til. Horft fram til lengri tíma 5 til 10 ár þá má taka undir að þessar breytingar séu til bóta. En ef horft er fram til næstu 3 til 5 ár þá er samkeppnisstaða landsvæða mjög mismunandi og takmarkað er hvernig þau eru í stakk búin að keppa við höfuðborgarsvæðið í þessum nýja þekkingariðnaði. Því verður að gjalda varhug við þessari stefnu fyrir önnur landssvæði en höfuðborgarsvæðið, ef stjórnvöld tryggja ekki aukna fjármuni samhliða þessum breytingum. Staða margra byggðarlaga í dag er þannig að grípa verður til aðgerða strax og er það reifað í umsögmum Fjórðungssambands Vestfirðinga og Atvinnuþróunarfélags Vestfjarða varðandi Byggðaaætlun 2006-2009. Ekki þarf langan fyrirvara á slíkar aðgerðir með því nýta atvinnuþróunarfélög á hverju svæði fyrir sig.

Það er því mat Fjórðungssambands Vestfirðinga að góð markmið stjórnvalda í samræmingu í vísinda, tækni og atvinnuþróun verði að taka mið af samkeppnisstöðu svæða og tryggja að þeir aðilar sem eru á hverjum degi að vinna í þessum málaflokkum fái aðgang að stefnumótun þeirra.

Ísafirði 28. apríl 2006

Fjórðungssamband Vestfirðinga

Aðalsteinn Óskarsson,
Framkvæmdastjóri.